

REGLUGERÐ

um (5.) breytingu á reglugerð nr. 47/1990 um stofnanapjónustu fyrir aldraða.

1. gr.

Fjárhæðir, sem nefndar eru í reglugerðinni skulu breytast þannig:

Í 5. gr. komi kr. 26 308 í stað kr. 25 542.

Í 6. gr. komi kr. 26 308 í stað kr. 25 542.

Í 10. gr. komi kr. 21 136 í stað kr. 20 520.

Í 14. gr. komi kr. 21 136 í stað kr. 20 520.

2. gr.

1. málsg. 10. gr. hljóði svo:

Nú hefur langlegusjúklingur eigin tekjur sem að frádregnum staðgreiðsluskatti eru hærri en kr. 21 136 á mánuði skal hann þá með þeim tekjum sem umfram eru taka þátt í dvalarkostnaði frá þeim tíma sem bætur almannatrygginga falla niður. Þó skal hann í hverjum mánuði aldrei greiða hærri fjárhæð en sem nemur dvalarkostnaði í þjónustuhúsnæði aldraðra eins og hann er ákveðinn af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 3. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 30. sbr. 27. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989 með síðari breytingu, öðlast gildi 1. júlí 1993.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. júní 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um (2.) hækkun gjaldskrár nr. 283/1992 fyrir tannréttingar.

1. gr.

Fjárhæðir í gjaldskrá nr. 283/1992 fyrir tannréttingar skulu hækka um 4,01% frá 15. júní nk.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með stoð í 44. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. júní 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.